

✉ Re: Bæjarstaðarskógur - erfðavernd

Búið til	26.10.2021 15:24:52
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	26.10.2021 15:24:51
Tilheyrir	 202110-0014 - Bæjarstaðaskógur, erfðaverndarsvæði

Efni

Re: Bæjarstaðarskógur - erfðavernd

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	26.10.2021 15:24:51	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	johanna.k.thorhallsdottir@vjp.is

Innihald

Sæl, afsakaðu töfina á þessu svári en hér er umsögn Náttúrufræðistofnunar:

Tilvísun í mál nr. 202110-0014 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Vatnajökulsþjóðgarði, dags. þann 11. október 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi Skógræktarinnar um skráningu Bæjarstaðarskógar sem erfðaverndarsvæðis fyrir íslenskt birki í gagnagrunn EUGIS.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér erindi Skógræktarinnar og telur það mjög gott og að það ætti ágætlega að samræmast markmiðum um verndun Bæjarstaðaskógar út frá þeim sjónarmiðum náttúruverndar sem horft er til innan friðlýsta svæðisins Vatnajökulþjóðgarðs.

Náttúrufræðistofnun hefur rannsakað birkið í Bæjarstaðarskógi með tilliti til erfðabreytileika þess. Þær rannsóknir hafa staðfest að Bæjarstaðarskógur sé erfðafraðilega ólíkur öðru birki á landinu öllu. Sú greining nær þó ekki endilega til breytileika í einstaka genum sem gætu skýrt breytileika ákveðinna vaxtarforma. Komið hefur í ljós að birki frá Bæjarstaðarskógi er að nema land á ofan verðum Skeiðarársandi og það verið staðfest með erfðafraðilegum rannsóknum. Þetta þyrfti að taka til skoðunar þegar ákvarðanir eru teknar um afmörkun erfðaverndarsvæðisins, sérstaklega eftir því sem birkið á Skeiðarársandi sem er af

Þessum uppruna vex og breiðir meir úr sér. Í tillögu Skógræktarinnar er gert ráð fyrir að erfðaverndarsvæðið nái yfir Bæjarstaðarskóginn sjálfan og nærliggjandi ungskóg en í framtíðinni ætti að leggja mat á stöðu birkisins á Skeiðarársandi.

Jákvætt er að óheimilt verði að gróðursetja birki af öðrum uppruna á erfðaverndarsvæðinu. Að mati Náttúrufræðistofnunar mætti sú regla vera í gildi víðar til að viðhalda náttúrulegum erfðabreytileika. Það mætti líka horfa til þess að stofna fleiri erfðaverndarsvæði í fleiri landshlutum.

Einnig er jákvætt að mælt sé með því að takmarka sauðfjárbeit í ungskógi og í útjaðri útbreiðslu birkiskógarins t.d. í fjallshlíðum.

Til að tryggja náttúrulega framvindu í Bæjarstaðarskógi þarf jafnframt að stemma stigu við útbreiðslu lúpínu og annarra framandi ágengra plöntutegunda en mikið er um lúpínu á svæðinu og í næsta nágrenni í framan verðum Morsárdal.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir - vatn" <johanna.k.thorhallsdottir@vjp.is>
To: "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurðsson@ni.is>
CC: "Hrafnhildur Ævarsdóttir - vatn" <hrafnhildur.aevardsdottir@vjp.is>
Subject: Bæjarstaðarskógur - erfðavernd
Date: 11.10.2021 10:42:30

Sæll Snorri,

vísa til samtals okkar í morgun. Erindi Skógræktarinnar um skráningu Bæjarstaðarskógar sem erfðaverndarsvæðis er í skoðun innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Málið hefur verið tekið fyrir í svæðisráði suðursvæðis, sem tók vel í það, með fyrirvara um jákvæða umsögn NÍ og UST.

Hér með er óskað umsagnar NÍ um skráningu Bæjarstaðarskógar í Vatnajökulsþjóðgarði sem erfðaverndarsvæðis, sbr. erindi Skógræktarinnar í viðhengi.

Með kveðju, Hanna Kata



Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir

Verkefnastjóri skipulags- og öryggismála

Borgum við Norðurslóð

600 Akureyri

GSM: 830 3051

www.vjp.is (<http://www.vjp.is/>)



Um ábyrgð á tölvupósti / E-mail disclaimer: <http://www.stjornarrad.is/Fyrirvari>

(<http://www.stjornarrad.is/Fyrirvari>)

Vinsamlega hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður. Please consider the environment before printing

Viðhengi

image001.png (18 KB)

image007.png (21 KB)

image002.png (5 KB)

image009.png (7 KB)

image008.png (4 KB)